

## REGLUR

### um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2012,

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2012 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu rekstrarársins 2012.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2012 er sem hér segir:

	kr.
Mjólk .....	78,00 pr. lítra
Egg .....	450,00 pr. kg
Kartöflur .....	66,00 pr. kg
Rófur .....	134,00 pr. kg
Lambakjöt .....	540,00 pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé .....	358,00 pr. kg
Annað kjöt af sauðfé .....	248,00 pr. kg
Ungnautakjöt .....	577,00 pr. kg
Annað kjöt af nautgripum .....	381,00 pr. kg
Folaldakjöt .....	384,00 pr. kg
Annað kjöt af hrossum .....	158,00 pr. kg
Grísakjöt .....	403,00 pr. kg
Annað svínakjöt .....	284,00 pr. kg
Kalkúnar, endur og gæsir .....	545,00 pr. kg
Annað fuglakjöt .....	406,00 pr. kg
Fiskur .....	500,00 pr. kg

*Reykjavík, 29. desember 2011*

**Skúli Eggert Þórðarson** ríkisskattstjóri.